Ed. **271. Frumvarp til laga** [146. mál]

um breyting á lögum nr. 108 31. des. 1974, um Framleiðslueftirlit sjávarafurða.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

4. gr. laganna orðist þannig:

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins framkvæmir, í samráði við Framleiðslueftirlit sjávarafurða, þær rannsóknir sem nauðsynlegar eru vegna þeirrar stofnunar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Við afgreiðslu frv. í sjávarútvegsnefnd Ed. í des. s. l. féll niður ofangreind breyt. á frv., en hún telst nauðsynleg til þess að ugglaus sé verkaskipting milli Framleiðslueftirlitsins og Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins.